

Líttu þú þú

22. október • 12:30-16:30

Vertu með í að skapa heilbrigðara samfélag á netinu!
Málþing í tilefni Evrópuárs um stafræna borgaravitund 2025



Educating today, shaping the world of tomorrow - Vitundin - Stafræn borgaravitund í menntun - Ákall til fullorðna fólksins
Nordic Media Literacy Survey: Samnorræn rannsókn á miðlalæsi • Þegar þú ert söluvaran • Sáttmáli um skjánotkun
Nadía og netið: Valdeflum börn í stafrænum heimi • Pallborðsumræður fulltrúa úr ungmennaráði Samfés



Netvís



Líttupp - Vertu með í að skapa heilbrigðara samfélag á netinu! Málþing í tilefni Evrópuárs um stafræna borgaravitund 2025

Staðsetning: **Gróska**
Dagssetning: **22. október 2025**
Tími: **12:30-16:30**
Fundarstjóri: **Skúli Bragi Geirdal**



Opnunarávarp (12:30)
Alma D. Möller, heilbrigðisráðherra

Aðalfyrirlestur - Janice Richardson
Educating today, shaping the world of tomorrow (12:45)



Janice Richardson er alþjóðlegur sérfræðingur, háskólakennari, og rithöfundur/meðrithöfundur tuga bóka um stafrænt læsi, réttindi barna, öryggi og vellíðan á netinu. Hún veitir stjórnvöldum og atvinnulífi ráðgjöf um stafrænt nám og hefur stýrt ýmsum alþjóðlegum tengslanetum, þar á meðal Insafe, tengslaneti netöryggismiðstöðva í Evrópu og ENABLE, tengslaneti sem var ætlað að sporna gegn einelti með þróun félags- og tilfinningafærni (2014-2016). Hún er nú samstarfsaðili í tveimur verkefnum á vegum Evrópusambandsins, situr í ráðgjafarnefndum hjá Meta og SnapChat og er höfundur fræðsluverkefnisins Smartbus sem hefur verið í gangi í skólum á Íslandi og víðar um nokkurra ára skeið. Janice hefur starfað náið með Evrópuráðinu í yfir tvo áratugi að menntunarmálum, síðast að áætlun þess um stafræna borgaravitund í Evrópu og á sviði netöryggis í Marokkó. Í tengslum við Internet Governance Forum hjá Sameinuðu þjóðunum leiðir hún vinnuhóp um staðla, öryggi og vernd á netinu. Árið 2022 vann hópurinn með UNESCO að útgáfu leiðbeininga fyrir kennara um hnattræna borgaravitund.

Vitundin - Stafræn borgaravitund í menntun (13:25)



Bergþóra Þórhallsdóttir verkefnastjóri í upplýsingatækni á Menntasviði Kópavogsbæjar. Hún er með M.Ed.-gráðu í stjórnun menntastofnana og diplómapróf í opinberri stjórnsýslu. Bergþóra hefur aðallega starfað í grunn- og fullorðinsfræðslu í 35 ár sem kennari, skólastjórnandi og framkvæmdastjóri símenntunarmiðstöðvar. Síðan árið 2020 hefur hún starfað sem verkefnastjóri í upplýsingatækni hjá menntasviði Kópavogsbæjar, þar sem hún stýrir verkefnum sem tengjast upplýsingatækni og leiðir m.a. verkefni tengt fræðslu í stafrænni borgaravitund í samstarfi við stofnanir.

Nordic Media Literacy Survey: Samnorræn rannsókn á miðlalæsi (13:40)



Haukur Brynjarsson er fjölmiðlafræðingur að mennt og sérfræðingur á sviði upplýsinga- og miðlalæsis hjá Netvís - Netöryggismiðstöð Íslands. Hann vinnur m.a. að fræðslu og rannsóknum sem efla þekkingu og vitund almennings um örugga þátttöku í stafrænu samfélagi, með áherslu á miðlalæsi, upplýsingalæsi, stafrænt öryggi og vernd viðkvæmra hópa.

Kaffihlé (14:00)

Ákall til fullorðna fólksins (14:30)



Jafningjafræðarar Hins hússins: Hilmar Elías Hermannsson, Ingunn María Aurora Pétursdóttir, Huginn Ástþórsson og Úlfhildur Elísa Hróbjartsdóttir

Þegar þú ert söluvaran (14:45)



Halldóra Mogensen, stofnmeðlimur Samtaka um mannvæna tækni. Halldóra sat á Alþingi í átta ár fyrir Pírata þar sem hún beitti sér fyrir nýrri sýn á hagkerfi, framfærslu og menntun í þeim tilgangi að undirbúa samfélagið fyrir þær djúpu breytingar sem fylgja hraðri tæknipróun. Hún leiðir nú Samtök um mannvæna tækni og vinnur að því að standa vörð um lýðræði og mannréttindi á tímum gervigreindar.

Nadía og netið: Valdeflum börn í stafrænum heimi (15:00)



Daðey Albertsdóttir og Silja Björk Egilsdóttir eru sálfræðingar að mennt og eigendur Tengd ehf. Þær hafa áralanga og fjölbreytta reynslu af starfi með börnum og foreldrum þeirra á ýmsum sviðum. Þá hafa þær verið virkar í opinberri umræðu um uppeldi og netnotkun barna, meðal annars með greinaskrifum, viðtölum og fræðsluerindum.

Sáttmáli um skjánotkun (15:15)



Gunnhildur Gunnarsdóttir starfar í dag sem forstöðukona félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima og 88 hússins í Reykjanesbæ. Hún brennur fyrir forvörnum og átti þátt í þróun og stofnun Hljúnnar, nýrrar lágþröskuldabjónustu sem miðar að því að efla geðheilsu og félagsfærni barna og ungmenna. Þar að auki sat hún í stýrihópi sem vann að mótun og innleiðingu á tómstundastefnu Reykjanesbæjar og stýrir nú þverfaglegum forvarnahópi í sveitarfélaginu. Gunnhildur lauk BA námi í Uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2017 en er nú í meistaranámi í forystu- og mannauðsstjórnun við Háskólann á Bifröst.

Pallborðsumræður fulltrúa úr ungmennaráði Samfés (15:45)

Athena Freyja Eyfeld Sólveigardóttir, 15 ára

Hinrik Gunnarsson, 15 ára

Rannveig Helga Kjartansdóttir, 15 ára

Styrmir Steinn Sigmundsson, 15 ára

Snædís Gróa Björgvinsdóttir, 14 ára

Lokaorð (16:30)